

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/979 2020/EES/69/18****frá 2. mars 2017****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 1. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bæði meðferð fjármálaþega skuldbindinga og stjórnun ríkisskulda hefur áhrif á starfsemi vaxtamarcaða og því ætti að samræma þessa tvo þætti til að tryggja að þeir séu framkvæmdir á skilvirkan hátt. Gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 tekur ekki til seðlabanka í Evrópusambandinu og annarra opinberra aðila í Sambandinu sem annast stjórnun ríkisskulda svo að geta þeirra til að sinna skyldum sínum sem varða sameiginlega hagsmuni takmarkist ekki; ef öðrum reglum er beitt á þessa þætti þegar aðilar í þriðju löndum hafa þá með höndum gæti það haft skaðleg áhrif á skilvirkni þeirra. Opinberir aðilar í þriðju löndum sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda ættu einnig að vera undanþegnir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til að tryggja að seðlabankar þriðju landa og aðrir opinberir aðilar sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda hafi áfram tök á að sinna skyldum sínum með fullnægjandi hætti.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á meðferð opinberra aðila sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda og seðlabanka samkvæmt landslögum tiltekinna þriðju landa og lagt niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið og ráðið. Framkvæmdastjórnin hefur einkum framkvæmt samanburðargreiningu á þeirri meðferð og jafnframt á áhættustýringarstöðlunum sem eiga við um afleiðuviðskiptin sem þessir aðilar og seðlabankar ganga til innan þessara lögsagnarumdæma.
- 3) Niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar er sú að seðlabankar og opinberir aðilar sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda í Ástralíu, Kanada, Hong Kong, Mexíkó, Singapúr og Sviss ættu að njóta undanþágu frá stöðustofnunar- og skýrslugjafarkvöðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 4) Því ætti að bæta seðlabönkum og opinberum aðilum sem falið er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda í Ástralíu, Kanada, Hong Kong, Mexíkó, Singapúr og Sviss við skrána yfir aðila sem njóta undanþágu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur eftir sem áður reglulegt eftirlit með meðferð þessara seðlabanka og opinberu aðila sem njóta undanþágu frá stöðustofnunar- og skýrslugjafarkvöðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Hægt er að uppfæra skrána í ljósi þróunar á reglufyrirkomulagi í þessum þriðju löndum og með hliðsjón af viðeigandi nýjum heimildum. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að tiltekin þriðju lönd yrðu tekin af skránni yfir aðila sem njóta undanþágu.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 148, 10.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætast við c-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

- „iii. Ástralía,
- iv. Kanada,
- v. Hong Kong,
- vi. Mexíkó,
- vii. Singapúr,
- viii. Sviss.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---